

## Upplýsingar um DAGLJÓS

---

### **Krafa um ökuljós (dagljós o.fl.)**

Samkvæmt umferðarlögum skulu ökuljós vélknúins ökutækis jafnan vera tendruð þegar það er í notkun. Þrennskonar ökuljós er um að ræða: dagljós, aðalljós og þokuljós.

Þegar hvorki er skuggsýnt né skyggni lélegt má nota dagljós, en við akstur þegar birta er ófullnægjandi skulu aðalljós (og/eða þokuljós) vera tendruð. Ófullnægjandi birta telst t.d. vera í rökkri, í myrkri, í ljósaskiptum og vegna veðurs.

---

### **Ljósker sem nota má sem dagljós**

**Ljósker:** Sem ljósker fyrir dagljós er heimilt að nota aðalljósker, ljósker fyrir lágljós með lækkaðri spennu, þokuljósker eða sérstök viðurkennd dagljósker (geta verið stakstæð ljósker eða ljósgreislinn innbyggður í önnur ljósker af framleiðanda ökutækisins). Þetta þýðir að eitt og sama ljóskerið getur þjónað fleiri en einum tilgangi, t.d. getur þokuljóskerið verið notað sem bæði dagljós og þokuljós.

**Stærð og styrkur:** Lýsandi flötur dagljóskera verður að vera a.m.k. 40 cm<sup>2</sup> að stærð. Ljósstyrkur á að vera milli 400 og 1200 cd við ljóskerið. Spenna á lágljóskerum með lækkaðri spennu skal vera a.m.k. 11 V við fulla hleðslu-spennu 12 V kerfis en samsvarandi 22 V fyrir 24 V kerfi.

**Staðsetning:** Dagljós skulu vera framan á ökutæki og vísa fram. Hæð skal vera á milli 250 mm og 1500 mm. Fjarlægð ljóskera frá ystu brún má mest vera 400 mm og a.m.k. 600 mm skulu vera á milli þeirra. Þessi krafa um mestu fjarlægð frá ystu brún þarf ekki að vera uppfyllt ef framvísandi stöðuljósker kvikna á sama tíma og dagljósin.

---

### **Tenging dagljósa**

Dagljós mega vera tengd þannig að afturvísandi stöðuljós loga (númersljós og framvísandi stöðuljós mega einnig loga líka). Engin önnur ljós mega kvikna á sama tíma og kveikt er á dagljósum.

---

### **Kveikt og slökkt á dagljósum**

**Kveikt:** Til að kveikja dagljós má nota sjálfvirkan búnað, t.d. af völdum lykilrofa, hreyfils sem gangsettur er, hreyfingu ökutækisins, gírskiptingu, ljósnema o.fl. Ef um sérstök dagljósker er að ræða þá skulu þau kvikna sjálfkrafa.

**Slökkt:** Dagljós verða að slokkna sjálfkrafa um leið og kveikt er á stöðuljósum eða aðalljósum, þ.e. þegar rofi fyrir stöðuljós eða aðalljós er settur á. Þó er heimilt að hægt sé að skipta á háljósgeisla aðalljósa ef lágljósgeislinn er notaður fyrir dagljós.